



Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
b/t atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl, þingskjal 1165 – 691. mál.**

Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum, hefur falið undirrituðum að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint lagafrumvarp. Umsögnin er í tvennu lagi. Í þessu skjali verða sett fram almenn sjónarmið um réttarbrot, sem Vinnslustöðin hf. telur sig hafa orðið fyrir og muni verða fyrir áfram ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt. Á næstu dögum mun félagið senda viðbót við þessa umsögn þar sem raktar verða athugasemdir við fjölmörg atriði og fullyrðingar sem fram koma í greinargerðinni með frumvarpinu og athugasemdum við einstakar greinar þess.

Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að aflahlutdeildum í makríl verði í fyrsta lagi skipt þannig að 90% aflahlutdeilda verði úthlutað tímabundið til fiskiskipa sem veitt hafa með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum á grundvelli veiðireynslu þessara skipa árin 2011-2014.

Í öðru lagi verði 5% aflahlutdeilda í makríl úthlutað tímabundið til fiskiskipa sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum á grundvelli veiðireynslu þessara skipa árin 2009-2014.

Í þriðja lagi verði 5% aflahlutdeilda í makríl úthlutað tímabundið til fiskiskipa, samkvæmt fyrsta lið hér að framan, í hlutfalli við það hve stór hluti makrílafla þessara skipa var unninn til manneldis á árunum 2009 og 2010.

Vinnslustöðin hf. telur að ekki hafi nægilega verið hugað að öllum nauðsynlegum álitafnum við gerð frumvarpsins.

### Álit Umboðsmanns Alþingis

Umboðsmaður Alþingis hefur með álitinu sínu í málum nr. 7021/2012 og 7400/2013, sem afgreidd voru sameiginlega 30. júní 2014, komist að niðurstöðu um að ráðherra beri að fara að lögum við úthlutun á heimildum til makrílveiða. Það er út af fyrir sig umhugsunarvert að embætti Umboðsmanns Alþingis þurfi að



árétta slíkt í álitum eins og þessu, en það kom til út af kvörtun vegna ákvæðis í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar („Laugarvatnsyfirlýsingunni“). Í því plaggi sagði m. a., að grundvöllur fiskveiðistjórnunar-kerfisins skuli vera aflamarkskerfi. Veiðum á makríl hafi frá árinu 2009 verið stjórnað með útgáfu veiðileyfa sem gilt hafi til eins veiðitímabils í senn á grundvelli reglugerða. Tímabært þygi að falla frá þessu fyrirkomulagi.

Um þetta ályktar Umboðsmaður Alþingis:

*Eins og orðalagi 2. másl. 2. mgr. 5. gr. laga nr 151/1996, sem og 8. og 9. gr. laga nr. 116/2006, er háttað verður að mínu álitum ekki annað lagt til grundvallar en að íslenskum stjórnvöldum beri að fylgja ákvæðum laga við úthlutun aflaheimilda til einstakra skipa óháð vilja ráðherra eða annarra.*

Í niðurlagi álitsins segir umboðsmaðurinn:

*Að framangreindu leiðir að sú ákvörðun stjórnvalda að hlutdeildarsetja makrilstofninn frá þeim tíma er ekki í samræmi við lög.*

Vinnslustöðin hf. telur það mikið umhugsunarefni að álitum Umboðsmanns Alþingis skuli ekki vera betur fylgt en raun ber vitni við undirbúning þessarar lagasetningar.

### Málarekstur vegna úthlutunar á makrílkvóta

Vinnslustöðin hf. hefur þegar hafið rekstur dómsmáls á hendur íslenska ríkinu vegna ólögmætra ákvarðana ráðuneytisins á makrílkvóta. Vinnslustöðinni hf. er ljóst að ríkið hefur heimild til að setja lög um nýtingu þessa stofns, en félagið telur að þær heimildir sæti ákveðnum takmörkunum. Miklu máli skiptir að löggjafinn hafi fulla yfirsýn yfir réttindi þeirra aðila sem rétt eiga á annað borð til að fá úthlutað þessum veiðiheimildum og hverjar afleiðingar það kunni að hafa ef ætlunin er að skerða þau réttindi.

Vinnslustöðin hf. telur að ef farið hefði verið að lögum um stjórn fiskveiða árið 2011 og úthlutað hefði verið miðað við veiðireynslu sl. 3 ára, sbr. 1. mgr. 9. gr. l. nr. 116/2006, hefði hlutdeildin átt að vera 10,18% en ekki 9,22% eins og raunin varð. Ef úthlutað hefði verið eftir úthafsveiðilögum og úthlutun miðast við þrjú bestu veiðitímabil á síðustu sex, sbr. 2. mgr. 5. gr. l. nr. 151/1995 þá hefði hlutdeild VSV átt að vera 11,6% í stað 9,22%.

Ljóst er að hér er um afar mikla hagsmuni að ræða. Lagasetning um slík atriði er vandasöm og krefst mikillar vandvirkni. Vinnslustöðin hf. leggur áherslu á að lagasetningin má undir engum kringumstæðum fela í sér afturvirka skerðingu á réttindum sem teljast eignarréttarvarin samkvæmt stjórnarskrá.




-----

Hægt væri að rita langt mál um það efni sem hér er til meðferðar, en vegna þess skamma tíma sem veittur er til að koma á framfæri athugasemdum verður hér látið staðar numið, að sinni að minnsta kosti. Áréttuð er nauðsyn þess að þingmenn kynni sér vandlega efni álitserða Umboðsmanns Alþingis sem að framan er getið.

Vinnslustöðin hf. mun láta reyna á réttarstöðu sína verði lögfesting frumvarpsins á þá leið að eignarréttarvarin réttindi félagsins verði skert.

Virðingarfyllst

  
Ragnar Halldór Hall hrl.